

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/507**2021/EES/34/06**

frá 7. apríl 2020

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar hundraðshluta skráningarskjala sem velja skal til að kanna hvort ákvæði séu virt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 41. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja að skráningarskjöl séu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er í 41. gr. þeirrar reglugerðar krafist að Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) velji tiltekinn hundraðshluta skráningarskjala til að kanna hvort ákvæði séu virt. Þessi könnun getur leitt til draga að ákvörðun þar sem þess er krafist að skráningaraðili eða -aðilar leggi fram allar upplýsingar sem þörf er á til þess að skráningarskjöl uppfylli viðkomandi upplýsingakröfur.
- 2) Matið af hálfu Efnastofnunarinnar ⁽²⁾ og framkvæmdastjórnarinnar ⁽³⁾ að því er varðar beitingu reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem og rannsókn sem gerð var af lögbærum yfirvöldum í Þýskalandi ⁽⁴⁾ benda til þess að líklega sé talsverður fjöldi skráningarskjala ekki í samræmi við ákvæði sem hindrar það að markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sé náð á skilvirkan hátt.
- 3) Í almennu skýrslunni um beitingu efnareglugerðarinnar og endurskoðun tiltekinna þátta greindi framkvæmdastjórnin ósamræmi skráningarskjala við tilskilin ákvæði sem mál sem kallar á skjótar aðgerðir.
- 4) Eftir að síðasti skráningarfrestur rennur út verður hægt að áætla betur fyrir fram kannanir til að athuga hvort ákvæði séu virt á grundvelli aukinnar þekkingar Efnastofnunarinnar á raunverulegum fjölda skráðra efna og fenginnar reynslu hennar í að meta skráningarskjöl.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 110, 8.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

(2) Árlegar matsskýrslur Efnastofnunar Evrópu og skýrslur um beitingu reglugerðar (EB) nr. 1907/2006: <https://echa.europa.eu/about-us/the-way-we-work/plans-and-reports>

(3) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins og efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins – almenn skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um beitingu efnareglugerðarinnar og endurskoðun tiltekinna þátta, COM(2018) 116, lokaútgáfa.

(4) <https://www.bfr.bund.de/cm/349/data-quality-of-environmental-endpoints-in-registrations.pdf>

- 5) Eftir samráð við Efnastofnunina, eins og fram kemur í sameiginlegri aðgerðaráætlun um mat á efnareglureglugerðinni ⁽⁵⁾ sem þjónustuaðilar framkvæmdastjórnarinnar og Efnastofnun Evrópu samþykktu og ráðið óskaði eftir í niðurstöðum sínum frá 26. júní 2019 ⁽⁶⁾, telur framkvæmdastjórnin að til að auka samræmi við viðeigandi upplýsingakröfur ætti að auka lágmarkshundraðshluta skráningarskjala, sem kanna skal með tilliti til að farið sé að öllum tilskildum þáttum sem tilgreindir eru í 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, úr 5% í 20% heildarskjala sem Efnastofnunin tekur við, fyrir lok frestsins árið 2018, fyrir hvert tonnafjöldabil. Slíkur hundraðshluti er talinn raunhæfur hjá Efnastofnuninni í ljósi tilfanga hennar.
- 6) Í sameiginlegu aðgerðaáætluninni, sem þjónustuaðilar framkvæmdastjórnarinnar og Efnastofnun Evrópu samþykktu, var komist að samkomulagi um að markmiðinu um 20% ætti að vera náð eigi síðar en 31. desember 2023 að því er varðar skráningar í tonnafjöldabilum sem eru 100 tonn eða meira á ári og eigi síðar en 31. desember 2027 að því er varðar skráningar í tonnafjöldabilum sem eru minna en 100 tonn á ári, og var lögð fyrir áður en fresturinn rann út árið 2018.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað fyrsta og annars málsliðar 5. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 kemur eftirfarandi:

„Til að kanna hvort skráningarskjölin séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar skal Efnastofnunin, til 31. desember 2023, velja tiltekinn hundraðshluta þessara málsskjala, ekki minni en 20% heildarskjallanna sem Efnastofnunin tekur við til skráningar fyrir tonnafjöldabil sem er 100 tonn eða meira á ári.

Efnastofnunin skal, til 31. desember 2027, einnig velja tiltekinn hundraðshluta, ekki minni en 20% heildarskjallanna sem Efnastofnunin tekur við til skráningar fyrir tonnafjöldabil sem er minna en 100 tonn á ári.

Við val á málsskjölum til könnunar á því hvort þau séu í samræmi við ákvæði skal Efnastofnunin veita forgang, þó ekki fortakslausan, þeim málsskjölum sem uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum:“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽⁵⁾ „REACH Evaluation Joint Action Plan – Ensuring compliance of REACH registrations“ – https://echa.europa.eu/documents/10162/21877836/final_echa_com_reach_evaluation_action_plan_en

⁽⁶⁾ Í áttina að sjálfbærri stefnu í iðefnamálum í Sambandinu – ályktanir ráðsins frá 26. júní 2019, <http://data.consilium.europa.eu/doc/document/ST-10713-2019-INIT/en/pdf> – 18. liður.